



Flutningur og móttaka á úrgangi – leyfi og eftirlit heilbrigðiseftirlits

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Hvað er úrgangur?

- Úrgangur skilgreindur í 3. gr. í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- *Úrgangur*: hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við
- Mjög víð skilgreining
- Sandur úr skólpdælustöð er efni sem rekstraraðili vill losa sig við => úrgangur í skilningi laga nr. 55/2003
- 9. gr. laga nr. 55/2003
 - Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annað hvort beint til endurnýtingar eða í söfnunar- eða móttökustöð.....
- Úrgangur vs. spilliefni
 - Viðmiðunarmörk fyrir mengun í jarðvegi eru í viðauka í rg. um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020.
 - Spilliefnamóttökur á starfsleyfi hjá UST

Leyfisskylda og eftirlitsheimild - lög og reglugerðir

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Viðauki IV – starfsemi leyfisskyld hjá heilbrigðiseftirliti
 - Liður 19 – endurnýting úrgangs, önnur en í viðauka II
 - Liður 25 – flutningur úrgangs
 - Liður 72 – móttökustöð fyrir úrgang, aðrar en í viðauka I og II
- Tvær gerðir leyfa – starfsleyfi og skráning
 - Starfsleyfi
 - Móttaka á úrgangi til endurnýtingar
 - Móttökustöð fyrir úrgang
 - Skráning
 - Flutningur úrgangs
- Óheimilt að hefja leyfisskylda starfsemi fyrr en leyfi liggur fyrir

Flutningur úrgangs

- Skráningarskyld starfsemi hjá heilbrigðisnefnd sbr. rg. nr. 830/2022
 - Umsókn í gegnum island.is
 - Upplýsingar í umsókn – 4. gr. rg. nr. 830/2022
 - Engin auglýsing vegna starfseminnar
 - Færanleg starfsemi
 - Ekki háð skipulagi eða heimilli notkun húsnæðis – gildir um allt land
 - Úttekt fyrir afgreiðslu umsóknar á afgreiðslufundi
- Um starfsemina gilda starfsskilyrði
 - Starfsskilyrði fyrir flutningi úrgangs
 - Aðstaða til þrifa á flutningstæki
 - Innra eftirlit – s.s. skráningar á magni og gerð úrgangs, kort með akstursleiðum, viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa, mengunaróhöpp
 - Flutningstæki þannig útbúin að úrgangur geti ekki fallið af þeim eða lekið niður

Móttaka á úrgangi – móttaka á úrgangi til endurnýtingar

- Staðsetning í samræmi við skipulag, heimil notkun bygginga
 - Starfsemin á að vera á skilgreindu athafnasvæði/iðnaðarsvæði.
 - Ef í byggingu þarf starfsemin að vera í samræmi við heimila notkun byggingar
 - Heilbrigðiseftirlit leita umsagna skipulagsfulltrúa/byggingarfulltrúa um þetta
 - Viðkvæm starfsemi, viðkvæmt svæði í nágrenni?
- Umsókn um starfleyfi
 - Upplýsingar í og meðfylgjandi umsókn um starfsleyfi – 6. gr. rg. 550/2018
- Starfsleyfisskilyrði
 - Út frá umsókn, lýsingu á starfsemi, staðsetningu og aðstæðum er unnin tillaga að starfsleyfisskilyrðum – sent umsækjanda til yfirferðar og athugasemda.
 - Kveðið á um starfsemina, hverju má taka á móti og hvaða magni, mengunarvarnir, umgengni, innra eftirlit o.fl.
- Tillaga að leyfi auglýst í fjórar vikur
 - Úttekt á starfseminni áður en hún hefst – skilyrði uppfyllt?
 - Á auglýsingatíma má hver sem vill senda inn athugasemdir við tillöguna.
 - Að loknum auglýsingatíma er unnið úr athugasemdum ef einhverjar
 - Að lokinni yfirferð er umsókn lögð fyrir afgreiðslufund heilbrigðiseftirlits, eftir atvikum með breyttri tillögu að skilyrðum, og afstaða tekin til umsóknar, samþykkt eða synjað

Kröfur til móttökustöðva fyrir úrgang

- Fast lekahelt yfirborð
- Skiljubúnaður á frárennsli
- Afgirt og stýrð aðkoma
- Innra eftirlit, skráningar á uppruna, magni og afdrifum
- Örverusýnataka?

Geymsla, endurnýting, urðun

- Geymsla á jarðefni - millilager
 - Geymsla í 1 ár ef á að farga
 - Geymsla í 3 ár ef á að hreinsa/endurnýta
 - Starfsleyfi hjá heilbrigðiseftirliti
- Endurnýting í fyllingu (orðið fylling í stað landmótunar)
 - Ef kemur í staðinn fyrir nýtt efni í fyllingu
 - Starfsleyfi hjá heilbrigðiseftirliti
 - Endurnýting á úrgangi yfir 500 tonn á ári er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum
- Urðun
 - Starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun
 - Alls staðar áhersla á að draga úr urðun